

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Vegagerðin Reyðarfjörður



Dags eftirlits	4.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Vegagerðin	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartúni 5 - 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680269-2899	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Hinrik Oliverson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	N65°01'524 V14°12'563

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram við eftirlit er varða að mikið magn efnabamba er staðsett í þró rekstraraðila, að ómerktir efnabambar með óþekktu innihaldi standa í þró rekstraraðila, að olíuúrgangur stendur óvarin við inngang stöðvarhúss og að ídræg efni til hreinsunar á olíuefnum vantar. Ein ábending er sett fram er varðar að uppfæra þarf áætlanir m.t.t. starfsmannabreytinga.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða bikbirgðastöð Vegagerðarinnar á Reyðarfirði og er heimild í starfsleyfi bundin við móttöku og geymslu í stærsta geymi, allt að 910m<sup>3</sup> af biki eða öðrum olíuefnum sem ætluð eru til malbiks og olíumalarefnaframleiðslu.

#### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Umfang og breytingar á rekstri
- Frágangur birgðageyma, verkstjórn og verkferlar
- Vöktunarmælingar
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Skráning og þjálfun starfsfólks
- Áætlanir og trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
- Skráning geyma og lagna
- Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar – sniðmát - Kynning
- Stjórnvaldssektir – kynning
- Notkun efna við hreinsun stranda - Kynning
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Eitt frávik kom fram í síðasta eftirliti, árið 2020, er varðar frávik frá árinu 2016, um að áfylling flutningsgeyma skuli fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju. Sótt var um undanþágu til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins varðandi frágang á áfyllingaplani og gilti sú undanþága til 1. janúar 2019. Enn hefur ekki verið brugðist við, skv. þeirri úrbótaáætlun sem fram var lögð og er frávikði því enn opið. Sækja þarf um breytingu á starfsleyfi óski rekstraraðili eftir því að Umhverfisstofnun taki til athugunar að breyta kröfum um olíuhelt áfyllingarplan með niðurfalli í lægsta punkti. Ein ábending var sett fram er varðar uppsöfnun tómrar efnabamba í lekavarnarþró. Úr því hefur verið bætt.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Breyting á tíðni eftirlits er gerð á milli ára, farið er úr eftirlitsflokk C sem gerir ráð fyrir vettvangsheimsókn annað hvert ár niður í eftirlitsflokk B sem gerir ráð fyrir vettvangsheimsókn árlega.

Stöðin er staðsett innan lóðar Olíudreifingar og er leigusamningur þar um. Olíuskiljur eru því sameiginlegar með Olíudreifingu og sér hún um að þjónusta skiljurnar og taka sýni skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili er minntur á að það er á ábyrgð starfsleyfishafa að senda niðurstöður

mælinganna til eftirlitsaðila er niðurstöður berast, þó svo að mælingarnar séu framkvæmdar af Olíudreifingu.

Fjöldi 1.000L efnabamba var í lekavarnarþrónni, eða hátt í 30 stk., sem innihalda viðloðunarefni fyrir bik m.a. Impact 8000 og Wetfix N sem og lýsi. Stærð þróarinnar er því skert sem því nemur. Rekstraraðili er beðinn um að senda útreikninga að stærð lekavarnaþróar til eftirlitsaðila svo ljóst sé hvort þróin uppfylli ákvæði gr. 2.1 í starfsleyfi, en þar er kveðið á um að rúmtak þróarinnar sé að lágmarki 90% af rýmd stærsta geymis auk rýmids allra annarra geyma í hæð þróar. Útreikningur á þróarrýmd var sendur eftirlitsaðila þann 29. ágúst sl. þar sem fram kemur að þróin uppfyllir vel 90% lagmarkið og rúmast þeir tveir gámar sem eru innan þróar, einnig innan þeirra marka. Einnig var að finna tvo ómerkta bamba sem engin deili var vitað um og innihald þeirra óþekkt. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila þann 29. ágúst sl. var lýsi í bömbunum og því hefur nú verið komið í viðeigandi geymslu.

Mikilvægt er að loki í þrónni sé alltaf lokaður nema þegar rigningarvatni er hleypt niður í gegnum olíuskiljuna.

Opin ílát með olíuúrgangi var að finna við inngang á stöðvarhúsi og er rekstraraðila bent á að fjarlægja úrganginn og koma til viðurkenndrar förgunar. Úrbótum er lokið og það staðfest með ljósmynd þann 29. ágúst sl.

Ábyrgðatrygging vegna bráðamengunar hafs- og stranda skv. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004 er í gildi.

Olúfugeymar voru þykktarmældir árin 2016 (bikgeymir), 2015 (viðloðunarefnisgeymir) og 2017 (lýsisgeymir). Með reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi hefur krafa um botnþykktarmælingar á jarðbiksgeymum á 10 ára fresti verið felld út en ákvæðið er þó enn gilt í starfsleyfi. Því þarf að óska eftir breytingu á starfsleyfi til eftirlitsaðila, ef ekki verður farið í botnþykktarmælingar innan 10 ára frá síðustu mælingu. Rekstraraðili var minntur á að sækja um þessa breytingu til Umhverfisstofnunar. Þykktarmæla þarf aðra geyma á a.m.k. 10 ára fresti. Þrýstiprófun á löndunarlög्न frá fram árið 2017 og er því næsta prófun nú í ár. Við eftirlit voru um 100.000 lítrar af biki í geyminum.

Gengið var um stöðina og hún skoðuð. Áfylling flutningabifreiða fer fram sem áður, á malarplani við hlið bikgeymisins. Mólinni er skipt út eftir þörfum. Frávik frá eftirliti ársins 2016 stendur enn opið varðandi frágang á áfyllingarplani, eins og fram kemur hér að ofan og rekstraraðili er hvattur til að bregðast við því hið fyrsta. Upplýsingar um stöðu mála hafa verið sendar til rekstraraðila og hann hvattur til að sækja um breytingu á starfsleyfi eða bregðast við með úrbótum á áfyllingarplani. Hlið stóð læst er að var komið og girðingar eru í lagi.

Frávik frá	Lýsing á frávik
Gr. 4.9 og 2.1 í starfsleyfi	Efnabambar, hátt í 30 stk., sem innihalda viðloðunarefni og lýsi eru staðsettir innan þróar rekstraraðila. Óheimilt er að geyma hluti eða efni á lóð rekstraraðila sem truflað geta starfsemina, rýrt þróarrými eða aukið mengunarhættu. Úrbótum er lokið og það staðfest með ljósmynd þann 29. ágúst sl.
Gr. 2.6 og 4.9 í starfsleyfi	Tveir ómerktir efnabambar eru staðsettir innan þróar og er innihald þeirra óþekkt. Merkja þarf efnabambana ef upplýsingar berast um innihald þeirra, ellegar koma þeim til viðurkenndrar spilliefnaförgunar. Úrbótum er lokið.
Gr. 2.6 í starfsleyfi	Olíuúrgangur og Whitespritt standa í opnum ílátum við inngang stöðvarhúss og sullast hefur upp úr þeim og niður á malarundirlag. Fjarlægja þarf úrganginn og koma honum til förgunar á viðurkenndar hátt. Úrbótum er lokið og það staðfest með ljósmynd þann 29. ágúst sl.
Gr. 2.5 í starfsleyfi	Ídræg efni til hreinsunar á olíuefnum sem sullast niður skv. gr. 2.5 í starfsleyfi, vantar. Ídræg efni hafa verið pöntuð skv.

upplýsingum frá rekstraraðila þann 29. ágúst sl.

## ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að uppfæra þurfi áætlanir s.s. viðbragðsáætlun m.t.t. breytinga á rekstri og mannbreytinga í stöðinni.

## ANNAÐ

Rekstraraðila er bent á að sækja þurfi um breytingu á ákvæði gr. 3.2 í starfsleyfi til samræmis við 20. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Að öðrum kosti þarf að botnþykktarmæla bikgeymi næst árið 2026.

Nýr tengiliður rekstraraðila hefur verið skráður hjá eftirlitsaðila.


Sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar var sent rekstraraðila með fundarboðinu og hann beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðin um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.09.2022



Guðbjörg Stella Árnadóttir

